

Alþingi

Erindi nr. B 120/426

komudagur 12/12 1995

Reykjavík, 10. desember 1995.

Sólveig Pétursdóttir,  
alþingismaður og formaður allsherjarnefndar.

Í framhaldi af símtali við þig, 7. desember sl., langar mig að senda þér eftirfarandi gögn og vekja athygli á máli mínu varðandi nafnið Hilbert, sem mannanafnanefnd hefur hafnað.


1. nóvember sl. fór ég til Þorsteins Pálssonar, dómsmálaráðherra, sem ráðlagði mér að fylgjast með frumvarpi til laga um mannanöfn og fylgja máli mínu eftir í allsherjarnefnd.

Í kvörtun minni til umboðsmanns Alþingis 7. maí sl. kemur fram helsti rökstuðningur minn fyrir nafninu Hilbert. Hef ég ekki öðru við hann að bæta en því að ég get ekki annað en séð að það gæti einhvers misræmis hjá mannanafnanefnd, því samkvæmt samþykkt hennar um eiginnöfn frá 1. september 1994 (sbr. ljósrít frá Hagstofu Íslands, Þjóðskrá dags. 03.05. 1995) geta varla nöfnin Williard og Virgill talist vera af norrænum toga eða hafa íslenska mynd (sem er merkingarbær eða á sér hefði í íslenskum nöfnum, sbr. 2. gr. laga nr. 37/1991).

Ég vil líka benda á að í sömu grein stendur að eiginnafn megi ekki vera nafnbera til ama. Ég ítreka að ég veit ekki til að Hilbertsnafnið hafi verið föður mínum til ama, en mér fannst sem barni hræðilegt að heita Þorbjörg og sama má segja um syni mína sem heita Þórólfur og Skarphéðinn. Þeim fannst það hörmung. Hvernig ætlar Alþingi að koma í veg fyrir slíkar tilfinningar með lögum?

Að öllu framansögðu tel ég það brýna nauðsyn að rýmka lögin um mannanöfn í átt til þess sem fram kemur í frumvarpi því sem nú er til meðferðar í þinginu, þannig að meira raunsæis gæti og þau brjóti ekki í bág við almanna vilja. Svo ég vitni í frumvarpið: „Réttur foreldra til að ráða nafni barns síns hlýtur og að vera ríkur en réttur löggjafans til afskipta af nafngjöfum að sama skapi takmarkaður.“

Virðingarfyllst,



Þorbjörg Hilbertsdóttir  
Hvassaleiti 14  
103 Reykjavík

10/10/10

1. The first part of the document  
is a description of the  
project and its objectives.



Hagstofa Íslands  
Þjóðskrá

03.05.1995

*Eiginnöfn sem Mannanafnanefnd hefur samþykkt frá 1. september 1994*

*Drengjanöfn*

Anders	171/1994
Aðalberg	2/1995
<u>Alvin</u>	44/1995
Barri	14/1995
<u>Brimir</u>	160/1994
<u>Elberg</u>	182/1994
Hallþór	148/1994
Heiðberg	181/1994
Heiðmann	170/1994
Hlíðberg	1/1995
Jónþór	12/1995
Lauritz	137/1994
Lindberg	40/1995
Ludvig	3/1995
Nikolai	184/1994
Rolf	156/1994
<u>Sævin</u>	150/1994
<u>Vigri</u>	21/1995
<u>Virgill</u>	11/1995
Willard	145/1994





Hagstofa Íslands  
Þjóðskrá

03.05.1995

*Eiginnöfn sem Mannanafnanefnd hefur hafnað frá 1. september 1994*

*Drengjanöfn*

Anthony	30/1995
Bergs	162/1994
Blöndal	154/1994
Dai	158/1994
Dam	7/1995
Dómald	166/1994
Felex	164/1994
Frankel	43/1995
Freydal	146/1994
Gareth	6/1995
Heiðdal	41/1995
Helmut	5/1995
<u>× Hilbert</u>	161/1994
Leifs	174/1994
Ólfjörð	172/1994
Rósínberg	138/1994
Siggi	168/1994
Snævarr	25/1995
Theódórs	179/1994
Valentín	20/1995
Vidalín	153/1994



Skipaður umboðsmaður Alþingis  
í málinu nr. 1444/1995

---

Reykjavík, 23. október 1995.

Frú Þorbjörg Hilbertsdóttir,  
Hvassaleiti 14,  
103 Reykjavík.

Ég sendi yður hér með álit mitt í tilefni af kvörtun yðar f.h. Þórólfs Jóhannessonar og Berglindar Steinarsdóttur. Álitið hef ég einnig sent mannanafnanefnd.

Virðingarfyllst,



Friðgeir Björnsson.





**Skipaður umboðsmaður Alþingis  
í málinu nr. 1444/1995**

---

**Álit skipaðs umboðsmanns Alþingis  
í tilefni af kvörtun Þórólfs Jóhannessonar  
og Berglindar Steinarsdóttur.  
(Mál nr. 1444/1995)**

**I.**

Með bréfi forseta Alþingis dags. 23. ágúst sl. var undirritaður, samkvæmt 14. gr. reglna nr. 82/1988 um störf og starfshætti umboðsmanns Alþingis, skipaður til þess að fara með kvörtun Þórólfs Jóhannessonar og Berglindar Steinarsdóttur, Stóragarði 29, Reykjavík, þar sem umboðsmaður Alþingis, Gaukur Jörundsson, hafði vikið sæti við meðferð málsins.

Hinn 8. maí sl. barst umboðsmanni Alþingis kvörtun Þorbjargar Hilbertsdóttur, kt. 130439-4039, Hvassaleiti 14, Reykjavík dags. sama dag og er kvörtuninni beint gegn mannanafnanefnd. Kvörtunin er svohljóðandi:

"Kvartað er vegna þess að mannanafnanefnd hafnar karlmannsnafninu Hilbert. Sonarsonur minn sem skírður var Ásgeir Hilbert 2. nóvember 1994 fær ekki skráð nafn sitt Hilbert vegna höfnunar mannanafnanefndar".

Rökstuðningur fyrir kvörtuninni er svohljóðandi:

"Samkvæmt vinnulagsreglum mannanafnanefndar frá 17. ágúst '93 túlkar nefndin að eiginnafr skuli vera íslenskt, það megi ekki brjóta í bág við íslenskt málkerfi, það megi ekki vera nafnbera til ama, það eigi að vera merkingarbært, eigi að vera af norrænum toga, hafi íslenska mynd og fleira.

Í fyrsta lagi er það mjög teygjanlegt hvað sé íslenskt eiginnafr. Eiginnafrnið Hilbert brýtur ekki í bág við íslenskt málkerfi, það beygist t.d. eins og nafnið Albert. Hver getur tekið ákvörðun um hvort eiginnafr verður til ama? Ég veit t.d. ekki til þess að Hilbertsnafnið hafi verið föður mínum til ama. Mörg "norræn"



mannanöfn koma frá Þýskalandi, Grikklandi og úr Biblíunni. Þótt nafnið Hilbert komi upphaflega frá Þýskalandi eins og mörg önnur "íslensk" nöfn þá var það fyrst skrifað Hildibjartur > Hildibert > Hilbert eins og Aðalbjartur breyttist í Albert. Hilbertsnafnið er því jafn merkingarbært og Albert.

Hvernig má verja það að leyfa t.d. eiginnöfnin Herbert, Húbert, Hólmbert og Norbert en hafna nafninu Hilbert? Ég hef leitað gagna og spurst fyrir hjá málfræðingum sem sjá ekki neitt því til fyrirstöðu að eiginnafnið Hilbert verði viðurkennt.

Í manntali árið 1910 er nafnið Húbert og er það viðurkennt af nefndinni, en faðir minn Hilbert fæðist ekki fyrr en 1914 og fær þess vegna ekki náð hjá nefndinni.

Hvað tákna þá hjá mannanafnanefnd að "hefð ungs tökunnafns telst rofin ef það kemur hvorki fyrir í manntalinu 1910 né síðar"?

Faðir minn sem fæddur var 10. mars 1914 (d. 1974) hét fullu nafni Hilbert Jón Björnsson. Hann var íslenskur í húð og hár, en var skírður Hilbert í höfuð á norskum vini afa míns og ömmu, Björns Bjarnasonar verkstjóra í Viðey og Þorbjargar Ásgrímsdóttur.

Það er gjörsamlega óverjandi og óviðunandi að einhverjir menn geti túlkað lög Alþingis þannig að þeir geti á fundi sínum árið 1993 afmáð eiginnafn sem er þó föðurnafn tveggja íslenskra ríkisborgara, Sævars Hilbertssonar og Þorbjargar Hilbertsdóttur, með annarri eins hártogun".

Síðan segir í kvörtuninni: "Foreldrar Ásgeirs Hilberts hafa tvisvar sinnum sótt um að fá Hilbertsnafnið viðurkennt en jafnoft hafnað".

Kvörtuninni fylgdi umboð Þórólfs Jóhannessonar og Berglindar Steinarsdóttur dags. 7. maí 1995 til handa Þorbjörgu Hilbertsdóttur til þess að leggja inn kvörtun til umboðsmanns Alþingis fyrir þeirra hönd. Þá fylgdu kvörtuninni ýmiss skjöl og gögn.

## II.

Hinn 15. nóvember 1994 ritaði Halldór Ármann Sigurðsson f.h. mannanafnanefndar þeim Berglinni og Þórólfi svohljóðandi bréf:

"Hér með sendist yður endurrit úr gerðabók mannanafnanefndar:

"Mannanafnanefnd kom saman til fundar miðvikudaginn 2. nóvember 1994 kl. 15 í Árnagarði. ....

Fyrir var tekið:

.....

Mál nr. 161/1994.

Beiðni Þórólfs Jóhannessonar og Berglindar Steinarsdóttur, (ódags.) um úrskurð um karlmannsnafnið Hilbert.

Kveðinn var upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r:

Karlmannsnafnið Hilbert er ekki íslenskt og hefur ekki unnið sér hefð í íslensku máli. Samkvæmt tiltækum gögnum er nafnið ekki borið af neinum



Íslendingi. Það fullnægir því ekki skilyrðum 2. gr. laga nr. 37/1991 um mannanöfn.

### Ú r s k u r ð a r o r ð:

Beiðni um karlmannsnafnið Hilbert er hafnað".

Afrit af bréfinu var sent Hagstofu Íslands, Þjóðskrá.

Þá fylgja þessu bréfi vinnulagsreglur mannanafnanefndar samþykktar á fundi hennar 17. ágúst (ártal vantar en það mun vera 1993) en þær eru svohljóðandi:

"2. grein laga nr. 37/1991 um mannanöfn hljóðar svo:

Eiginnafn skal vera íslenskt eða hafa unnið sér hefð í íslensku máli. Það má ekki brjóta í bág við íslenskt málkerfi. Eiginnafn má ekki heldur vera þannig að það geti orðið nafnbera til ama.

Hvorki má gefa stúlku karlmannsnafn né dreng kvenmannsnafn.

Óheimilt er að gefa barni ættarnafn sem eiginnafn nema hefð sé fyrir því nafni."

Túlkun mannanafnanefndar á 1. málslið þessarar greinar styðst við eftirfarandi reglur, sem nefndin setti sér á fundi sínum þann 17. ágúst 1993:

1. Nafn er íslenskt í skilningi 2. gr. laga nr. 37/1991 ef allir liðir þess eru af norrænum toga og hafa íslenska mynd (sem er merkingarbær eða á sér hefð í íslenskum nöfnum). Ungt tökunafn getur þó aldrei talist vera íslenskt nafn.
2. Ung tökunöfn eru þau tökunöfn sem hafa komið inn í íslenskt mál eftir 1703. Ungt tökunafn telst hafa unnið sér hefð ef það fullnægir einhverju einu af eftirfarandi skilyrðum:
  - a. Það er nú borið af a.m.k. 20 Íslendingum
  - b. Það er nú borið af 15-19 Íslendingum og sá elsti þeirra hefur náð a.m.k. 30 ára aldri
  - c. Það er nú borið af 10-14 Íslendingum og sá elsti þeirra hefur náð a.m.k. 60 ára aldri
  - d. Það er nú borið af 5-9 Íslendingum og kemur þegar fyrir í manntalinu 1910 (eða fyrr)
  - e. Það er nú borið af 1-4 Íslendingum og kemur þegar fyrri í manntalinu 1845 (eða fyrr)
  - f. Það er nú ekki borið af neinum Íslendingi en kemur þegar fyrir í manntalinu 1845 (eða fyrr) og hefð þess hefur ekki rofnað
3. Hefð ungs tökunafns telst rofin ef það kemur hvorki fyrir í manntalinu 1910 né síðar.
4. Svokölluð gælunöfn teljast ekki vera "íslensk nöfn" í skilningi 2. gr. laga nr. 37/1991. Um þau gildir því hið sama og ung tökunöfn að þau teljast því aðeins heimil að þau hafi unnið sér hefð".



Hinn 9. maí 1995 ritaði umboðsmaður Alþingis mannanafnanefnd svohljóðandi bréf:

"Til mín hefur leitað Þorbjörg Hilbertsdóttir, f.h. Þórólfs Jóhannessonar og Berglindar Steinarsdóttur, Stóragerði 29 í Reykjavík og kvartað yfir úrskurði mannanafnanefndar frá 15. nóvember 1994, en þar var hafnað beiðni um heimild til að gefa karlamanns nafnið Hilbert.

Að ofangreindu tilefni er þess óskað, með vísan til 7. og 9. gr. laga nr. 13/1987 um umboðsmann Alþingis, að mannanafnanefnd láti mér í té gögn málsins og skýri viðhorf sitt til kvörtunar Þórólfs og Berglindar".

Mannanafnanefnd svarar bréfi umboðsmanns með bréfi dags. 7. júní sl., sem umboðsmaður móttækur 23. júní. Bréfið er svohljóðandi:

"Mannanafnanefnd hefur borið bréf yðar, dags. 9. maí 1995. Þar kemur fram að Berglind Steinarsdóttir og Þórólfur Jóhannesson, Stóragerði 29, Reykjavík, hafa kvartað við yður vegna úrskurðar mannanafnanefndar nr. 161/1994, frá 2. nóvember sl., þess efnis að nafnið *Hilbert* sé óheimilt skv. lögum nr. 37/1991 um mannanöfn. Af þessu tilefni óskið þér þess að mannanafnanefnd látið yður í té gögn málsins og skýri viðhorf sitt til kvörtunarinnar.

Ofangreindur úrskurður hljóðar svo.

Karlamanns nafnið *Hilbert* er ekki íslenskt og hefur ekki unnið sér hefð í íslensku máli.

Samkvæmt tiltækum gögnum er nafnið ekki borið af neinum Íslendingi. Það fullnægir því ekki skilyrðum 2. gr. laga nr. 37/1991 um mannanöfn.

Þessi úrskurður styðst við eftirfarandi reglur um túlkun 1. mgr. 2. gr. laga nr. 37/1991 sem mannanafnanefnd setti sér á fundi sínum þann 17. ágúst 1993:.....(Reglurnar eru raktar hér að framan) Nafnið *Hilbert* fullnægir engu ofantalinna skilyrða. Það virðist fyrst hafa verið gefið hér á landi árið 1914 og þar sem það er nú ekki borið af neinum Íslendingi hefur það ekki unnið sér hefð í íslensku máli. Samkvæmt 2. gr. laga nr. 37/1991 er það því óheimilt".

### III.

Mannanafnanefnd starfar samkvæmt lögum nr. 37/1991 um mannanöfn. Auk ráðgjafarhlutverks hefur nefndin það hlutverk að semja skrá um nöfn sem heimilt er að nota samkvæmt lögunum og skera úr álita- og ágreiningsmálum sem koma upp, sbr. 18. gr. laganna.

Í 3. gr. laganna er mælt fyrir um það, að nefndin semji skrá til viðmiðunar um nöfn sem heimil eru samkvæmt 2. gr. þeirra, en augljóst er að lagagreinin þarfnast fyllingar og skýringar. Það er þannig lagt til nefndarinnar að skýra og fylla reglur laganna og skera úr um það hver eiginnöfn teljast íslensk nöfn og hver hafa áunnið sér hefð í málinu. Þá er það






háð úrskurði nefndarinnar hvenær nafn telst brjóta í bága við íslenskt málkerfi.

Með hliðsjón af skýru orðalagi laganna og tilgangi þeirra, eins og hann kemur fram í greinargerð, tel ég ekki ástæðu til að gera athugasemdir við þær viðmiðunarreglur sem nefndin hefur sett sér við mat á því hvenær nafn telst íslenskt og hvenær ung tókunöfn teljast hafa unnið sér hefð í íslensku máli, þannig að nöfnin uppfylli skilyrði laganna. Að fengnum skýringum nefndarinnar tel ég heldur ekki ástæðu til að gera athugasemdir við úrlausn mannanafnanefndar í máli því sem kvörtun yðar varðar. Með vísan til a-liðar 2. mgr. 10. gr. laga nr. 13/1987 um umboðsmann Alþingis er afskiptum mínum af máli þessu lokið.

Reykjavík, 23. október 1995



Friðgeir Björnsson



# UMBODSMADUR ALÞINGIS


Lágmúla 6, 150 Reykjavík. Sími: 588 1450  
Grænt númer: 800 6450 Fax: 588 2940

Reykjavík, 9. ágúst 1995.

Frú Þorbjörg Hilbertsdóttir,  
Hvassaleiti 14,  
103 Reykjavík.

Það tilkynnist yður hér með, að ég hef í dag ritað forseta  
Alþingis bréf það, sem hér fylgir með í ljósriti.

Virðingarfyllst,



Gaukur Jónsson.



# UMBOÐSMAÐUR ALÞINGIS

Lágmúla 6, 150 Reykjavík. Sími: 588 1450  
Grænt númer: 800 6450 Fax: 588 2940

## LJÓSRIT

Reykjavík, 9. ágúst 1995.

Hr. Ólafur G. Einarsson,  
forseti Alþingis.

Til mín hefur leitað Þorbjörg Hilbertsdóttir f.h. Þórólfs Jóhannessonar og Berglindar Steinarsdóttur, Stóragerði 29 í Reykjavík, og kvartað yfir úrskurði mannanafnanefndar frá 15. nóvember 1994. Að athuguðu máli tel ég rétt að malast til þess, að forseti Alþingis skipi sérstakan umboðsmann til að fara með þetta mál, sbr. 14. gr. reglna nr. 82/1988 um störf og starfs-  
hætti umboðsmanns Alþingis.

Virðingarfyllst,

  
Gaukur Jónsson.



# UMBOÐSMAÐUR ALÞINGIS


Lágmúla 6, 150 Reykjavík. Sími: 588 1450  
Grænt númer: 800 6450 Fax: 588 2940

Reykjavík, 6. júlí 1995.

Frú Þorbjörg Hilbertsdóttir,  
Hvassaleiti 14,  
103 Reykjavík.

Umboðsmanni Alþingis hafa borist athugasemdir yðar, dags. 4. júlí s.l., við bréf mannanafnanefndar, dags. 7. júní s.l., en vegna fjölda þeirra mála, sem umboðsmaður þarf að fjalla um, getur ákvörðun um framhald máls yðar dregist nokkuð.

Virðingarfyllst,  
f.h. umboðsmanns Alþingis.

  
Katrín Jónasdóttir.





Reykjavík, 4. júlí 1995.

Gaukur Jörundsson  
Umboðsmaður Alþingis.

Þakka bref dagsett 27. júní s.l.

Ljósrit af bréfi mannanafnanefndar kemur mér kunnuglega fyrir sjónir. En enn og aftur sættí ég mig ekki við höfnun á nafninu *Hilbert* og geri einnig athugasemd við að **túlkun** mannanafnanefndar vegi svo þungt, sem fram kemur í eftirfarandi setningu í ljósritinu: *Þessi úrskurður styðst við eftirfarandi reglur um **túlkun** 1. mgr. 2. gr. laga nr. 37/1991 sem mannanafnanefnd setti sér á fundi sínum þann 17. ágúst 1993.*

Eg hef þegar gert grein fyrir athugasemdum mínum í gögnum sem þegar hafa verið send til umboðsmanns Alþingis og hef engu þar við að bæta.

Mér er spurn, hvernig á mannsnafnið Hilbert að vinna sér hefð í íslensku máli ef ekki má skíra neinn því nafni?

Það er bryn nauðsyn að rýmka lög mannanafnanefndar.

Virðingarfyllst,

---

Dorbjörg Hilbertsdóttir  
Hvassaleiti 14  
103 Reykjavík.



# UMBOÐSMAÐUR ALÞINGIS

Lágmúla 6, 150 Reykjavík. Sími: 588 1450  
Grænt númer: 800 6450 Fax: 588 2940

Reykjavík, 27. júní 1995.

Frú Þorbjörg Hilbertsdóttir,  
Hvassaleiti 14,  
103 Reykjavík.

Með tilvísun til kvörtunar þeirrar, sem þér hafið lagt fram, skal upplýst, að umboðsmanni Alþingis hefur borist bréf frá mannanafnanefnd, dags. 7. júní s.l., og fylgir það hér með í ljósriti. Óskað er eftir, að þér sendið umboðsmanni þær athugasemdir, sem þér teljið ástæðu til að gera af því tilefni.

Virðingarfyllst,  
f.h. umboðsmanns Alþingis.



Páll Hreinsson.



# UMBOÐSMAÐUR ALÞINGIS

Lágmúla 6, 150 Reykjavík. Sími: 588 1450  
Grænt númer: 800 6450 Fax: 588 2940

Reykjavík, 9. maí 1995.

Frú Þorbjörg Hilbertsdóttir,  
Hvassaleiti 14,  
103 Reykjavík.

Það tilkynnist yður hér með, að ég hef í dag ritað  
mannanafnanefnd bréf það, sem hér fylgir með í ljósriti.

Virðingarfyllst,



Gaukur Jörundsson.



# UMBOÐSMAÐUR ALÞINGIS

Lágmúla 6, 150 Reykjavík. Sími: 588 1450  
Grænt númer: 800 6450 Fax: 588 2940

## LJÓSRIT

Reykjavík, 9. maí 1995.

Mannanafnanefnd,  
Pósthólf 7049,  
127 Reykjavík.

Til mín hefur leitað Þorbjörg Hilbertsdóttir, f.h. Þórólfs Jóhannessonar og Berglindar Steinarsdóttur, Stóragarði 29 í Reykjavík, og kvartað yfir úrskurði mannanafnanefndar frá 15. nóvember 1994, en þar var hafnað beiðni um heimild til að gefa karlmannsnafnið Hilbert.

Af ofangreindu tilefni er þess óskað, með vísan til 7. og 9. gr. laga nr. 13/1987 um umboðsmann Alþingis, að mannanafnanefnd láti mér í té gögn málsins og skýri viðhorf sitt til kvörtunar Þórólfs og Berglindar.

Virðingarfyllst,



Gaukur Jörundsson.





# UMBOÐSMAÐUR ALÞINGIS

Lágmúla 6, 150 Reykjavík. Sími: 588 1450  
Grænt númer: 800 6450 Fax: 588 2940

Reykjavík, 8. maí 1995.

Frú Þorbjörg Hilbertsdóttir,  
Hvassaleiti 14,  
103 Reykjavík.

Umboðsmanni Alþingis hefur borist erindi yðar f.h. Þórólfs Jóhannessonar og Berglindar Steinarsdóttur frá 7. maí s.l. Mun umboðsmaður kanna það nánar svo fljótt sem tök eru á, en vegna fjölda þeirra kvartana, sem umboðsmanni hafa borist, má búast við því, að ákvörðun hans um framhald málsins dragist nokkuð.

Virðingarfyllst,

f.h. umboðsmanns Alþingis.

  
Katrín Jónasdóttir.





Umboðsmaður Alþingis,  
Rauðarástíg 27,  
Pósthólf 5222,  
125 Reykjavík.

Móttekið frá stjórnvaldi

23. 06. 1995

UMBOÐSMAÐUR ALÞINGIS

Dagsetning

7.6. 1995

Tilvisun

2/1995

Mannanafnanefnd hefur borið bréf yðar, dags. 9. maí 1995. Þar kemur fram að Berglind Steinarsdóttir og Þórólfur Jóhannesson, Stóragerði 29 í Reykjavík, hafa kvartað við yður vegna úrskurðar mannanafnanefndar nr. 161/1994, frá 2. nóvember sl., þess efnis að nafnið *Hilbert* sé óheimilt skv. lögum nr. 37/1991 um mannanöfn. Af þessu tilefni óskið þér þess að mannanafnanefnd láti yður í té gögn málsins og skýri viðhorf sitt til kvörtunarinnar.

Ofangreindur úrskurður hljóðar svo:

Karlmanns nafnið *Hilbert* er ekki íslenskt og hefur ekki unnið sér hefð í íslensku máli. Samkvæmt tiltækum gögnum er nafnið ekki borið af neinum Íslendingi. Það fullnægir því ekki skilyrðum 2. gr. laga nr. 37/1991 um mannanöfn.

Þessi úrskurður styðst við eftirfarandi reglur um túlkun 1. mgr. 2. gr. laga nr. 37/1991 sem mannanafnanefnd setti sér á fundi sínum þann 17. ágúst 1993:

1. Nafn er íslenskt í skilningi 2. gr. laga nr. 37/1991 ef allir liðir þess eru af norrænum toga og hafa íslenska mynd (sem er merkingarbær eða á sér hefð í íslenskum nöfnum). Ungt tókunafn getur þó aldrei talist vera íslenskt nafn.
2. Ung tókunöfn eru þau tókunöfn sem hafa komið inn í íslenskt mál eftir 1703. Ungt tókunafn telst hafa unnið sér hefð ef það fullnægir einhverju einu af eftirfarandi skilyrðum:
  - a. Það er nú borið af a.m.k. 20 Íslendingum
  - b. Það er nú borið af 15-19 Íslendingum og sá elsti þeirra hefur náð a.m.k. 30 ára aldri
  - c. Það er nú borið af 10-14 Íslendingum og sá elsti þeirra hefur náð a.m.k. 60 ára aldri
  - d. Það er nú borið af 5-9 Íslendingum og kemur þegar fyrir í manntalinu 1910 (eða fyrr)
  - e. Það er nú borið af 1-4 Íslendingum og kemur þegar fyrir í manntalinu 1845 (eða fyrr)
  - f. Það er nú ekki borið af neinum Íslendingi en kemur þegar fyrir í manntalinu 1845 (eða fyrr) og hefð þess hefur ekki rofnað

Nafnið *Hilbert* fullnægir engu ofantalinna skilyrða. Það virðist fyrst hafa verið gefið hér á landi árið 1914 og þar sem það er nú ekki borið af neinum Íslendingi hefur það ekki unnið sér hefð í íslensku máli. Samkvæmt 2. gr. laga nr. 37/1991 er það því óheimilt.

F. h. mannanafnanefndar

  
Halldór Ármann Sigurðsson

Afrit:

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið





Berglind Steinarsdóttir  
Þórólfur Jóhannesson  
Stóragerði 29  
108 REYKJAVÍK

Dagsetning

15. nóvember 1994

Tilvísun

161/1994

Hér með sendist yður endurrit úr gerðabók mannanafnanefndar:

„Mannanafnanefnd kom saman til fundar miðvikudaginn 2. nóvember 1994 kl. 15 í Árnagarði. ....

Fyrir var tekið:

.....

Mál nr. 161/1994.

Beiðni Þórólfs Jóhannessonar og Berglindar Steinarsdóttur, (ó dags.) um úrskurð um karlmannsnafnið Hilbert.

Kveðinn var upp svohljóðandi

ú r s k u r ð u r:

Karlmannsnafnið Hilbert er ekki íslenskt og hefur ekki unnið sér hefð í íslensku máli. Samkvæmt tiltækum gögnum er nafnið ekki borið af neinum Íslendingi. Það fullnægir því ekki skilyrðum 2. gr. laga nr. 37/1991 um mannanöfn.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Beiðni um karlmannsnafnið Hilbert er hafnað.”

F. h. mannanafnanefndar

  
Halldór Ármann Sigurðsson

Afrit:

Hagstofa Íslands

Þjóðskrá

Skuggasundi 3

150 REYKJAVÍK



# VINNULAGSREGLUR MANNANAFNANEFNDAR

samþykktar á fundi hennar

17. ágúst

2. grein laga nr. 37/1991 um mannanöfn hljóðar svo:

Eiginnafn skal vera íslenskt eða hafa unnið sér hefð í íslensku máli. Það má ekki brjóta í bág við íslenskt málkerfi. Eiginnafn má ekki heldur vera þannig að það geti orðið nafnbera til ama.

Hvorki má gefa stúlku karlmannsnafn né dreng kvenmannsnafn.

Óheimilt er að gefa barni ættarnafn sem eiginnafn nema hefð sé fyrir því nafni.

Túlkun mannanafnanefndar á 1. málslíð þessarar greinar styðst við eftirfarandi reglur, sem nefndin setti sér á fundi sínum þann 17. ágúst 1993:

1. Nafn er íslenskt í skilningi 2. gr. laga nr. 37/1991 ef allir liðir þess eru af norrænum toga og hafa íslenska mynd (sem er merkingarbær eða á sér hefð í íslenskum nöfnum). Ungt tökunafn getur þó aldrei talist vera íslenskt nafn.
2. Ungt tökunafn eru þau tökunafn sem hafa komið inn í íslenskt mál eftir 1703. Ungt tökunafn telst hafa unnið sér hefð ef það fullnægir einhverju einu af eftirfarandi skilyrðum:
  - a. Það er nú borið af a.m.k. 20 Íslendingum
  - b. Það er nú borið af 15-19 Íslendingum og sá elsti þeirra hefur náð a.m.k. 30 ára aldri
  - c. Það er nú borið af 10-14 Íslendingum og sá elsti þeirra hefur náð a.m.k. 60 ára aldri
  - d. Það er nú borið af 5-9 Íslendingum og kemur þegar fyrir í manntalinu 1910 (eða fyrr)
  - e. x Það er nú borið af 1-4 Íslendingum og kemur þegar fyrir í manntalinu 1845 (eða fyrr)
  - f. Það er nú ekki borið af neinum Íslendingi en kemur þegar fyrir í manntalinu 1845 (eða fyrr) og hefð þess hefur ekki rofnað
- x 3. Hefð ungs tökunafn telst rofin ef það kemur hvorki fyrir í manntalinu 1910 né síðar.
4. Svokölluð gælunafn teljast ekki vera „íslensk nöfn“ í skilningi 2. gr. laga nr. 37/1991. Um þau gildir því hið sama og ungt tökunafn að þau teljast því aðeins heimil að þau hafi unnið sér hefð.





9

REYKJAVÍK 07.05 1995

VIÐ UNDIRRITUÐ VEITUM

~~ÞORBÖRGEN~~ HILBERTSDÓTTUR

UMBÓÐA TIL AÐ KEGGJA INN

KVÖRTUN FYRIR OKKAR HÖND

TIL UMBODSMANNS ALÞINGIS

VIRÐINGARFYLST

JÓRÐHILUR JOHANNESSEN

060367-4349

ÞÓRVALDUR STEINARSDÓTTIR

07 10 64 5659



# UMBOÐSMAÐUR ALÞINGIS

Lágmúla 6, 150 Reykjavík. Sími: 588 1450  
Grænt númer: 800 6450 Fax: 588 2940

## Kvörtun til umboðsmanns Alþingis

### Upplýsingar um þann sem ber fram kvörtun

Fullt nafn	<i>Þorbjörg Hilberts dóttir</i>	Kennitala	<i>130439-4039</i>
Heimili	<i>Þvassaleiti 14</i>		
Póstnúmer	<i>103</i>	Sveitarfélag	<i>Reyk</i>
Starfsheiti	<i>húsmóðir / skólaritari</i>	Sími (heima)	<i>5530297</i>
		Sími (vinna)	<i>5685666 e.h.</i>

### Upplýsingar um kvörtunarefni

Nafn þess aðila, stofnunar eða starfsmanns sem kvörtun beinist að:

*Mannanafnanefnd, Árnagarði*

Yfir hverju er kvartað (í stuttu máli)?

*Kvartað er vegna þess að mannanafna-  
nefnd hafnar karlmannsnafnum Hilbert.  
Sonarsonur minn sem skýrður var  
Ásgeir Hilbert 2. nóv. '94 fer ekki skráð  
nafn sitt Hilbert vegna þöfnunar mannanafna-  
nefndar.*

### Upplýsingar sem útfyllist af skrifstofu umboðsmanns

Móttökudagur	Númer máls	Kennitala stjórnsluáðila
Efnisflokkun	Meðferð	

Samkvæmt vinnulagsreglum mannanafnanefndar frá 17. ág. '93 telur nefndin að eigin nafn skuli vera íslenskt, það megi ekki byggt á bög við íslenskt málkerfi, það megi ekki vera nafnbera til anna, það eigi að vera merkingarbert, eigi að vera af norrænum löga, kafi íslenskt mynd, og fleira.

Í fyrsta lagi er það mjög sýðjanlegt hvað sé íslenskt eigin nafn. Eigin nafnið Hilbert byggt ekki á bög við íslenskt málkerfi, það byggist s.d. eins og nafnið Albert. Hver getur tekið ákvörðun um hvort eigin nafn verður til anna? Þog veit s.d. ekki til þess að Hilberts nafnið kafi verið föður minimum til anna.

Mörg "norræn" mannanöfn koma frá Þýskalandi, Grikklandi og úr Biblíunni. Þetta nafnið Hilbert komi upplaflega frá Þýskalandi eins og mörg önnur "íslensk" nöfn þá var það fyrst skrifað Hildibjartur ⇒

Hildibert ⇒ Hilbert eins og Hildibjartur breyttist í Albert. Hilberts nafnið er því jafn merkingarbert og Albert.

Hvernig má sýna það að leyfa s.d. eigin nöfnum Herbert, Hubert, Holmbert og Norbert en kafa nafnum Hilbert? Þg hef leitað gagna og spurt fyrir hjá málfróðingum sem sjá ekki neitt þri til fyrirstöðu að eigin nafnið Hilbert verði viðurkennt.

Í manntali árið 1910 er nafnið Albert og er það viðurkennt af nefndinni, en faðir minn Hilbert fæddur ekki fyrr en 1914 og fer þess vegna ekki má þjá nefndinni

Það skýtur þá hjá mamma nafna nefnd að „hefð ungs  
sögunafns helst röfin ef það kemur horki fyrir í  
mannatalinu 1910 né síðar“?

Faðir minn sem fæddur var 10. mars 1914 (d. 1974)  
hét fullu nafni Hilbert Jon Björnsson. Hann var  
islenstur í húð og hár, en var skindur Hilbert í  
höfuð á morðum vini afa minns og ömmu, Björns  
Bjarnasonar verkstjóra í Víðey og Þorbjargar Ásgríms  
dóttur.

Það er gjört samlega óvægjandi og óvildumandi  
að einhverjir menn geti lúkað lög Alþingis  
þannig að þeir geti á fundi sínum árið 1993  
afmáð eiginnafn sem er þó föðurnafn sveggja  
islenstra ríkisborgara, Sevaris Hilbertssonar  
og Þorbjargar Hilbertsdóttur, með annarri  
eins hárlögum.

Hefur áður verið kvartað yfir þeim ákvörðunum eða annarri háttsemi sem lýst er hér að framan?

Foreldrar Ásgeirs Hilberts hafa svisvar sínum um  
setl um að fá Hilbertsnafnið viðskurkumt en jafn-  
oft hafnað.

Hefur kvörtunarefnið verið lagt fyrir dómstóla?

Nei

Skrá yfir skjöl og önnur gögn sem fylgja kvörtun:

- 1) ljósrit af höfnum mannamafnarefnadar, ásamt vinnuleagsreglum nefndarinnar frá 17. ágúst 1993.
- 2) ljósrit úr Öllum Síðupresta eftir Björn Magnússon (Bókauðg. Norðri Ríki 1960)
- 3) ljósrit úr Nítjálali, Hallgríms Péturssonar og Guðríður Simonardóttur. Þri Gíslason tók saman (Bókauðg. Þjóðsaga 1989)
- 4) ljósrit af bréfi Thomas ~~Berg~~ Bergerow ásamt mannamafna skýringum.
- 5) ljósrit úr Nafnabokinni eftir Heiðmann Pálsson (Mál og menning 1981)
- 6) ljósrit úr Öllum Síðupresta eftir Björn Magnússon (Bókauðg. Norðri Ríki 1960)
- 7) ljósrit úr Verkfræðingabali eftir Jón B. Westdal (Steindorsprent "f" útg. 1981) (Gefið út af Verkfr. féð. Íslands, 3ja útg. aukin og endurbætt)
- 8) ljósrit úr Timapjöfinum eftir Steinunni Sigurðardóttur (Bókauðg. Förunn 1986)
- 9) Umboð Þorólfs Jóhannessonar og Berglindar Steinarsdóttur til Þorbjargar Hilbertsdóttur.

Athugasemdir:

Rök mannamafnarefnadar virðast vera mjög velk þvi að Halldór Arnmann Sigurðsson hjá mannamafnarefnd sagði mér að nafnið Hilbert fái st örugglega viðurkennt ef frumvarp þess sem liggur fyrir á þessum einu breytingar á mannamafnalögum verði samþykkt.

Ríki. 7. maí 1995

(Dagsetning)

Þorbjörg Hilbertsdóttir

(Undirskrift)